

SAMNINGUR UM ÚTGÁFUSTYRK OG KAUP Á NETBIRTINGARRÉTTI

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, fyrir hönd íslenska ríkisins, kt. 460269-2969, hér eftir nefnt kaupandi, og Saga forlag ehf, kt. 641106-0890, hér eftir nefnt seljandi, gera með sér svofelldan samning um útgáfustyrk íslenska ríkisins og kaup á netbirtingarrétti af heildarútgáfum Íslendingasagna og þátta á dönsku, norsku og sænsku, sem seljandi hefur gefið út á bókarformi.

Saga forlag ehf er til húsa að Flókagötu 65 í Reykjavík og tengiliður er Jóhann Sigurðsson (sími 552 8989 / 8937719 og netfang vinland@centrum.is).

Markmið samningsins er að tryggja sem best aðgengi almennings að þeim mikilvæga menningararfi sem í sögunum og þáttunum felst.

Samningur þessi gildir frá undirritun samnings til ársloka 2019.

1. gr. Hið selda

Íslenska ríkið kaupir rétt til að dreifa og birta á veraldarvefnum eða sambærilegum kerfum, heildarþýðingu allra Íslendingasagna og þátta á dönsku, norsku og sænsku. Efnid skal gert aðgengilegt á veraldarvefnum með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kys.

2. gr. Afhending og aðgangur

Verkefnið hefst við undirritun samnings árið 2016 og lýkur árið 2025 þegar aðgangur að textum verður opnaður til fulls á veraldarvefnum. Allir textar hinna þriggja heildarútgáfna Íslendingasagna og þátta á dönsku, norsku og sænsku, verða afhentir við greiðslu árið 2016. Efnidir samningsins af hálfu seljanda felast annars vegar í afhendingu framangreindra verka á PDF sniði þ.e. eins og verkið var umbrotið og gefið út. Hins vegar afhendingu framangreindra verka á flæðandi texta með leiðréttingum sem gerðar voru, þ.e. eins og hann fór í umbrot og útgáfu, t.d. wordskjál. Lýkur skyldum seljanda þegar Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn, fyrir hönd íslenska ríkisins, hefur staðfest móttöku ofangreindra gagna og að þau séu á réttu og á nothæfu formi eins og tilgreint er hér að framan. Seljandi ber ábyrgð á því að verkinu sé skilað á nothæfu stafrænu formi eins og því er lýst að ofan. Opnað verður fyrir aðgengi að gögnum, prentun og niðurhal í tölvur og snjalltæki í áföngum:

1. Textarnir opnast í lokuðu kerfi árið 2016 sem skal vera ótengt veraldarvefnum. Sett verður upp lokað vinnuvæði í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni þar sem hinar nýju heildarútgáfur Íslendingasagna og þátta á dönsku, norsku og sænsku, verða aðgengilegar fræðimönnum, háskólanemum og öðru áhugafólki um sögunar. Óheimilt er að afrita textana.
2. Opnað verður til alþjóðlegrar skoðunar 10. janúar 2019. Hægt verður að skoða textana á veraldarvefnum síðu fyrir síðu (pdf).
3. Aðgangur að textanum verður opnaður til fulls 10. janúar 2025.

Landbókasafn Íslands – Háskólabókasafn annast önnur samskipti en greiðslur við seljanda f.h. kaupanda.

Við miðlun efnisins og birtingu þess skal áréttá mikilvægi þess að þeir sem miðli efninu eða noti það geti heimilda sinnar og gæti sæmdarréttar og réttar útgefanda hverju sinni eftir því sem við á enda er notendum óheimilt að fénýta efnið samkvæmt samningi þessum.

3. gr. Trúnaður og undanþágur

Seljanda er óheimilt að selja eða afhenda öðrum en kaupanda netbirtingarréttinn á heildarútgáfum Íslendingasagna og þátta á dönsku, norsku og sænsku. Undanskildar eru sérstakar útgáfur sagna, sagnaflokka og þátta á rafbókarformi.

4. gr. Réttindi

Kaupandi hefur eftir 10. janúar 2025 ótakmarkaðan rétt til að miðla og varpa á önnur snið Íslendingasögum og þáttum í heildarútgáfu á dönsku, norsku og sænsku á tölvutæku formi um stafræna gátt, án þess að greiða seljanda eða starfsfólki hans fyrir. Í því felst m.a. að hægt sé að skoða textana í opnum aðgangi á neti, hlaða textanum niður í tölvur og snjalltæki og taka til sín textann og vinna með hann eftir 10. janúar.2025. Óheimilt er að dreifa textunum á grundvelli þessa samnings gegn gjaldi hvort sem er á rafrænu eða prentuðu formi eða fénýta textana með nokkrum hætti.

Seljandi ábyrgist allar kröfur sem kunna að koma frá handhöfum höfundarréttar eða höfundarréttarsamtökum með greiðslu fyrir birtingu á því efni, sem tilgreint er í 1. gr. samnings þessa og er hugsanlegur kostnaður við höfundarréttargreiðslur innifalinn í kaupverðinu.

Samningur þessi er ekki í heild sinni eða að hluta til framseljanlegur til annars fyrirtækis eða aðila.

5. gr. Þóknun

Heildarþóknun til seljanda fyrir verkið er 75 m.kr.

Heildarþóknun til seljanda byggir á ríkisstjórnarsamþykkt dags. 17. desember 2013. Fjárhæðir í samningnum eru bæði með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingar á fjárlögum og um að stjórnvöld kunna að ákveða breytingar á fjárhæðum við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma.

Við undirritun samnings greiðir kaupandi 10 m.kr. 25 m.kr. verða greiddar þegar er fyrir liggur staðfesting frá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni að seljandi hafi afhent safninu nothæf gögn eins og þeim er lýst í 2. gr.

Þriðja greiðsla verður 12,5 m.kr. 10. janúar 2017, fjórða greiðsla 12,5 m.kr. þann 10. janúar 2018, og lokagreiðsla 15 m.kr. 15. janúar 2019 eða þegar opnað hefur verið fyrir alþjóðlega skoðun skv. 2. gr.

6. gr.
Vanefndir og lausn á ágreiningi

Telji annar hvor aðili samningsins að hinn aðilinn hafi vanrækt samninginn skal beina skriflegri áskorun til gagnaðila um að bæta úr vanefndum. Hafi ekki verið bætt úr vanefndum innan 30 daga frá því að áskorun barst er heimilt að rifta samningnum.

Vanefni seljandi samninginn er kaupanda heimilt að endurkrefja hann um þóknun sem honum hefur verið greidd með vöxtum, ásamt innheimtukostnaði.


Samningsaðila er skylt að tilkynna hinum samningsaðila formlega ef hann telur vafa leika á um að hann geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningi þessum. Jafnframt leggur hann fram áætlun um breytta framkvæmd. Samþykki hinn samningsaðilinn ekki breytta áætlun er honum heimilt að krefjast skaðabóta vegna tjóns sem vanefndir valda honum, stöðva greiðslur þar til vanefndir hafa verið bættar, krefjast endurgreiðslu á því sem hann hefur þegar greitt inn á verkið og/eða segja samningnum upp.

Allar breytingar á ákvæðum samnings þessa skulu vera skriflegar. Þær taka ekki gildi fyrr en báðir samningsaðilar hafa undirritað þær.

Komi upp ágreiningur um túlkun eða framkvæmd samnings þessa, skulu aðilar leitast við að leysa slík mál sín á milli án atbeina dómstóla. Takist það ekki getur samningsaðili höfðað mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í þríriti og heldur hver samningsaðili eintaki.

Reykjavík, 13. janúar 2016


f.h. menna- og menningarmálaráðuneytis


f.h. Saga forlags


f.h. Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns